

Nd.

485. Breytslugartillögur

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 9. gr. Fyrir »a-lið« i síðustu málsgrein komi: a- og b-lið.
2. Við 30. gr. Greinina skal orða svo:
Sparisjóðsdeildin skal, eftir því sem við verður komið án truflunar á atvinnulífi landsins, leitast við að koma að minsta kosti sem svarar $\frac{1}{3}$ at innlánsfje með sparisjóðskjörum í trygg og auðseld verðbrjef, svo sem rikisskuldabryjef, jarðræktarbryjef eða veðdeildarbryjef. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr.
3. Við 52. gr.
 - a. Fyrir orðin »nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir« komi: nema öðruvisi sje ákveðið i stofnskrám eða skipulagsskrám.
 - b. Aftan við fyrri málsgrein bætist: nema rikisstjórnin geri aðra skipun á.

4. Við 62. gr. (áður 61. gr.). Fyrir tvo síðustu málslíðina (»Ennfremur« o. s. frv. til enda greinarinnar) komi: Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bóktærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1928.